

Skoðun og mat á árangri eyðingar á skógarkerfli í Eyjafjarðarsveit haustið 2011

Undirrituð hafa komið að mati á árangri af eyðingu á skógarkerfli í Eyjafjarðarsveit og víðar. Eftirfarandi skýrsla er í raun stöðumat verkefnisins haustið 2011.

Útbreiðsla Skógarkerfils á Norðurlandi

Vitað er að stök plöntuhreiður eru víða um Norðurland, en engin heildarúttekt hefur farið fram. Gerð var úttekt í Suður- Þingeyjarýslu í sumar og er versta svæðið umhverfis Laugar í Reykjadal, en einnig eru hreiður á Húsavík. Þá eru stakar plöntur og hreiður í Reykjahverfi og í Mývatnssveit. Lítið hefur verið unnið í upprætingu plöntunnar í sýslunni, nema í Þjóðgarðinum í Mývatnssveit þar sem kerfillinn hefur verið stunginn upp.

Enginn vafi er á því að skógarkerfill hefur verið að breiðast út við Eyjafjörð. Hann virðist einkum dreifast meðfram vegum, en einnig meðfram skurðum, lækjum og skjólbeltum. Algengastur er hann þó í Eyjafjarðarsveit, á Akureyri og í Hrisey.

Árið 2005 var ekið um aðalvegi í Eyjafirði og talin hreiður í vegköntum og þeim gefin einkunn fyrir umfang. Þetta var svo endurtekið í ár, 2011, sex árum síðar. Hér er einungis sýnt hver þróunin hefur verið í fjölda plöntuhreiðra. Rétt er að geta þess að úðað hefur verið í fjögur ár í Eyjafjarðarsveit en einungis í tvö ár í Hörgárbyggð.

	Fjöldi svæða á km	
	2005	2011
Hörgárbyggð	2,0	3,1
Eyjafjarðarsveit	2,1	2,5

Svo virðist sem kerfillinn hafi alls staðar fjölgað sér meðfram vegunum, en þó minna í Eyjafjarðarsveit en í Hörgárbyggð. Gæti þar komið fram árangur fjögurra ára úðunar.

Útbreiðsla skógarkerfils í Eyjafjarðarsveit

Greinilegt er að kerfillinn er mjög útbreiddur í Eyjafjarðarsveit enda er jarðvegur þar frjósamur og veðurfar hagstætt. Minnkandi beit skýrir líka, að einhverju leyti aukna útbreiðslu hans. Verst hefur ástandið verið í gamla Öngulsstaðahreppi, umhverfis bæina Kaupang og Öngulsstaði. Í hinum tveimur gömlu hreppum sveitarfélagsins, Hrafnagils- og Saurbæjarhreppi, er útbreiðslan staðbundnari, enda þótt þar finnst einnig öflugir kerfilsblettir. Leiða má að því líkum að ef útbreiðslusvæði skógarkerfils í sveitarfélaginu væri lagt saman mundi það eflaust telja tugi hektara Til marks um það má nefna að sumarið 2010 úðaði verktaki sveitarfélagsins hjá 70 (af 130) landeigendum í sveitarfélaginu. Kerfillinn hefur víða lagt undir sig stór svæði í lækjargiljum, skurðruðningum, skjólbeltum, aflögðum ökrum og á svæðum þar sem ekki er slegið eða hirt. Landeigendur telja sig margir hverjir verða fyrir tjóni af völdum þessarar ágengu tegundar og krafan um að brugðist verði við útbreiðslu þessarar tegundar kom upphaflega frá þeim.

Aðgerðir

Vorið 2007 ákvað Umhverfisstofnun sveitarfélagsins að hefja undirbúning að átaksverkefni með það að markmiði að stemma stigu við útbreiðslu skógarkerfilsins. Aðgerðirnar fólust í því að hefta frekari dreifingu á skógarkerflinum og ráðast í kjölfarið á opin svæði þar sem miklar breiður af kerflinum var að finna. Landeigendum var kynnt þessi aðgerðaráætlun bæði á fundum og með bréfpósti þar sem farið var fram á samstarf þeirra í þessu átaksverkefni. Upplýsinga var aflað um þær aðferðir sem best væri að nota við eyðingu á skógarkerflinum og ráðinn var verktaki til að hafa umsjón með verkinu. Leitað var samstarfs við sérfræðing á vegum LBHÍ um faglegar leiðbeiningar og úttektir.

Vorið 2008 hófst svo átaksverkefnið formlega. Gerðar voru nokkrar tilraunir varðandi eyðingaradferðir sem fólust annars vegar í slætti á kerflinum og hins vegar í eitrun með gjöreyðingarlyfinu Clinic (sem er Roundup-lyf). Skemmst er frá því að segja að slátturinn skilaði ekki miklum árangri og síðustu ár hefur einungis verið údað gegn skógarkerflinum.

Sumarið 2011 framkvæmdu undirrituð úðunartilraun með það að markmiði að skoða hvort hægt væri að nota sérhæfð tvíkímblöðungavarnarlyf í staðinn fyrir að nota gjöreyðingarlyf sem drepur allan gróður. Tilgangur þeirrar tilraunar var að skoða hvort hægt væri að hlífa einkímblöðungagróðri s.s. grasi, þannig að eftir úðun ætti grasið auðveldara uppdráttar. Niðurstöður þeirrar tilraunar sýndu hins vegar að valkvæð tvíkímblöðunga varnarlyf duga ekki til að drepa skógarkerfilinn og því er nauðsynlegt að nota áfram gjöreyðingarlyf.

Sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit hefur nú unnið að heftingu útbreiðslu á kerfli í fjögur ár og hefur verktakinn, Grettir Hjörleifsson, séð um framkvæmdina. Hann hefur einnig unnið að þessu verki í nágrannasveitarfélögum, Svalbarðsströnd, Hörgársbyggð og svolítið á Akureyri. Grettir er mjög vel útbúinn tækjum og þekkir orðið öll helstu kerfilssvæði í sveitarfélaginu. Einnig hefur Grettir fengið góða reynslu í því hvernig best er að eyða honum og hefur, líkt og fyrr greinir, notað gjöreyðingalyfið Clinic.

Mat á árangri

Að beiðni umhverfisstofndar Eyjafjarðarsveitar fóru undirrituð í skoðunarferð um Eyjafjarðarsveit í september 2011, til að leggja mat á árangur á eyðingu skógarkerfils undanfarin ár. Eftirfarandi skýrsla er niðurstaða þeirrar ferðar. Með í för var Grettir Hjörleifsson, en hann hefur verið verktaki sveitarfélagsins í baráttunni við útbreiðslu þessarar ágengu tegundar.

Til að geta lagt mat á árangur verksins hefur á hverju hausti farið fram úttekt og árangur verksins verið metinn. Rannsóknarþáttur verkefnisins hefur verið aukinn og síðastliðið sumar (2011) var ákveðið að leggja út reiti víðsvegar um sveitarfélagið og vakta þá yfir sumartímann með það að markmiði að skoða gróðurframvindu á kerfilssvæðum eftir úðun. Lagðir voru út 1x1 m² reitir á svæði þar sem búið var að úða 1x, 2x, 3x og 4 sinnum. Reitirnir voru svo heimsóttir reglulega yfir vaxtartíman, gróðurgreindir og þekjumetnir auk þess sem teknar voru ljósmyndir. Niðurstöður þessarar tilraunar sýndu að endurtekin úðun (3-4x) með gjöreyðingarlyfir skilar árangri. Skógarkerfill hopar á þannig svæðum og inn koma frumframvindutegundir sem einkenna röskuð svæði, svo

sem njóli, túnfífill, gras og þvíumlíkt. Hins vegar er alveg ljóst að á svæðum þar sem miklar breiður eru af kerfli og hann hefur náð að fella fræ í mörg ár, er baráttan erfið. Úðun í 1-2 skipti skilar árangri en kerfillinn hverfur ekki og því myndi sækja fljótt í sama horf ef úðun er ekki endurtekin.

Mynd 1. Kerfilssvæði sem úðað hefur verið 1 sinni.



30. Maí 2011



22. Júní 2011



26. Júlí 2011



9. Sept 2011

Mynd 2. Kerfilssvæði sem úðað hefur verið 4 sinnum.



2. Maí 2011



22. Júní 2011



26. Júlí 2011



9. Sept 2011

Fundur

Undirrituð boðuðu sveitarstjóra á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsveit til fundar á Akureyri 13. september 2011. Einnig voru umhverfisnefnd Eyjafjarðarsveitar og Akureyrar boðið á fundinn. Auk undirritaðra fluttu erindi Ásrún Elmarsdóttir (Tillögur til varna og aðgerða gegn skógarkerfli) og Sigurður H. Magnússon (Skógarkerfill, útbreiðsla og einkenni). Fram kom meðal annars í erindum sérfræðinganna að sláttur gæti jafnvel aukið vöxt kerfilsins vegna þess að hliðarsprotar virkjuðust. Að fundi loknum voru eftirfarandi áherslupunktur teknir saman:

- 1) Það var almenn niðurstaða að leggja skuli umtalsverða áherslu á að hefta útbreiðslu skógarkerfils með þeim aðferðum sem best hafa dugað.
- 2) Eðlilegast og árangursríkast var talið að vinna á kerflinum á jöðrum svæðanna þar sem hann er að breiðast út og vinna sig innávið og taka verstu svæðin síðar. Mikilvægt er að varna því að nýjar plöntur nái fótfestu á nýjum stöðum.
- 3) Lagt var til að sveitarfélögin við Eyjafjörð ynnu að einhverju leyti saman að verkefninu, og jafnvel að sveitarfélög úr Þingeyjarsýslu kæmu einnig að málinu. Ákveðið var að taka málið upp á Eyþingi sem er samstarfsþing sveitarfélaga á Norðurlandi.
- 4) Vegna þess að útbreiðsla kerfilsins er mikil meðfram vegum í héraðinu, og Vegagerðin ber ábyrgð á ákveðnu svæði frá vegamiðju, þá er talið eðlilegt að leita samstarfs við Vegagerðina um eyðingu kerfilsins meðfram stofnvegum og tengivegum í héraðinu.
- 5) Vegna þess að margt er óljóst um áhrif og árangur eyðingar er lagt til að leitað verði til Landbúnaðarháskóla Íslands um að rannsaka betur lífeðli þessarar jurtar.

Niðurstöður

Baráttan við skógarkerfil í Eyjafjarðarsveit er á réttri leið og mikið hefur áunnist. Það er alveg ljóst að fylgja þarf verkinu áfram eigi sigur að vinnast. Ef hætt yrði núna myndi sækja í sama horf og mikið af verkinu væri þá unnið fyrir gíg. Þessi barátta er bæði tímafrek og kostnaðarsöm og því er mikilvægt að skipuleggja verkið vel og vanda til þess. Eyjafjarðarsveit hefur lagt sig fram um að auka rannsóknarþátt verksins á hverju ári enda er um nokkurs konar brautryðjendastarf að ræða. Rannsóknir á vistfræði og eyðingu skógarkerfils hér á landi eru mjög takmarkaðar og því mikilvægt að byggja upp þekkingu sem gæti nýst öðrum. Mörg nágrannasveitarfélög hafa nú þegar haft samband og óskað eftir upplýsingum um hvernig standa eigi að svona verki.

Bjarni E. Guðleifsson, prófessor Landbúnaðarháskóla Íslands
Brynhildur Bjarnadóttir, formaður Umhverfisnefndar Eyjafjarðarsveitar